

Frá Alþjóðamálastofnun HÍ.
Reykjavík, 10. janúar, 2006.

132. löggjafarþing 2005-2006

Þskj. 40 – 40.mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um opinbera nefnd um öryggi og varnir Íslands

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands telur brýna þörf á auknum rannsóknum á sviði öryggis- og varnarmála á Íslandi, enda eru þær komnar mun skemur á veg hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Alþjóðamálastofnun telur að til að ná því markmiði skuli komið á fót sjálfstæðri stofnun/setri innan Háskóla Íslands sem heldur utan um viðtækar rannsóknir, þekkingaleit og þjónustuverkefni á þessu sviði.

Í flestum nágrannalöndum Íslands er málum þannig háttað, að rannsóknastofnanir um öryggis- og varnarmál starfa með fulltingi og fjárstuðningi frá utanríkisráðuneytum/ varnarmálaráðuneytum landanna og/eða þjóðþingum. Alþjóðamálastofnun HÍ hefur þegar gert það að tillögu sinni að slíkt sjálfstætt starfandi Rannsóknasetur um öryggis- og varnarmál verði stofnað undir hatti hennar. Stofnunin hefur öðlast reynslu af slíkri starfsemi, enda rekur hún Rannsóknasetur um smáríki. Alþjóðamálastofnun telur að stjórnvöld og Alþingi eigi að byggja markvisst upp óháða sérfræðiþekkingu á öryggismálum. Best sé að gera það í beinum tengslum við rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Því er vonast til þess, að stjórnvöld og/eða Alþingi styðji við bakið á slíku setri með föstum árlegum fjárframlögum.

Alyson Bailes, forstöðumaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar í Stokkhólmi (SIPRI), sem jafnframt situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar HÍ, hefur samþykkt að aðstoða við uppbyggingu Rannsóknarseturs um öryggis- og varnarmál, ef fjármagn fæst til þess, en hún hefur mikla reynslu af rannsóknum og rekstri öryggismálastofnana. Þannig yrði unnt að efla fagþekkingu hér á öryggismálum. Auk þess er verið að vinna að því að fá fleiri erlenda aðila og stofnanir til að veita sérfræðiráðgjöf á þessu sviði, m.a. í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum.


Alþjóðamálastofnun HÍ hefur stuðlað að auknu samstarfi milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila hér á landi sem og við erlenda fræðimenn og stofnanir. Hugmyndin er að efla starfsemina enn frekar til að gera íslenskum fræðimönnum kleift að styrkja tengsl sín við erlenda háskóla og öryggismálastofnanir. Rannsóknir þeirra myndu ekki aðeins nýtast fræðasamfélaginu, heldur einnig stjórnvöldum og almenningi. Markmiðið yrði einnig að gera ungum fræðimönnum kleift að sérhæfa sig á sviði öryggismála, standa að ráðstefnum og fá erlenda fyrirlesara hingað til lands.

Rannsóknasetrið myndi taka að sé fræðileg verkefni (greinar og bækur) og þjónustuverkefni (skýrslur og álitserðir). Enginn slíkur vettvangur er til hér á landi enda eru skýrslur opinberra aðila um öryggismál annars eðlis en fræðilegar rannsóknir. Fyrir utan fræðilegar greiningar á þeim málum sem efst eru á baugi á öryggismálum á alþjóðavettvangi, má nefna nokkur dæmi um hugsanleg verkefni: Þær breytingar sem orðið hafa í alþjóðamálum frá lokum kalda


stríðsins og staða Íslands í því samhengi; Samskipti Íslands og Bandaríkjanna í öryggis- og varnarmálum; hlutverk landhelgisgæslunnar í íslenskum öryggismálum; þróun Atlantshafstengslanna og samskipti Bandaríkjanna og Evrópu í öryggismálum; breytt hlutverk NATO og stækkun bandalagsins; hlutverk Íslands í alþjóðastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum, NATO, ÖSE, Norðurlandaráði, Norðurskautsráðinu og Eystrasaltsráðinu; þróun öryggismála innan/og á milli NATO og ESB; baráttuna gegn hryðjuverkum; uppbyggingarstarf Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana eftir stríð; friðargæslu á Balkanskaga og Afganistan; áfallastjórnun í alþjóðlegu samhengi; kjarnorkuúrvinnslu og náttúruauðlindir, umhverfivernd á Norður-Atlantshafi og skipavernd; hlutverk Sameinuðu þjóðanna eftir lok kalda stríðsins; stöðu Rússlands gagnvart Bandaríkjunum og Evrópu og norræna samvinnu á sviði öryggismála. Loks má nefna nýjar áherslur á sviði öryggismála frá því að kalda stríðinu lauk eins og umhverfisvernd, áfallastjórnun og hugmyndir um mannlegt öryggi og vægi þeirra í samanburði við hefðbundnari þætti öryggismála.

Alþjóðamálastofnun HÍ vekur athygli á því að opinber umræða um skipulegar rannsóknir á sviði öryggismála er síður en svo ný af nálinni. Eftirfarandi tillaga var t.a.m. sett fram í greinargerð starfshóps utanríkisráðuneytisins „Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót“ frá því í febrúar 1999: „Einnig þyrfti að kanna sérstaklega með hvaða hætti utanríkisráðuneytið og Háskóli Íslands kynnu að geta átt samstarf um að í landinu sé ávallt fyrir hendi haldgóð þekking á öryggis- og varnarmálum“. Alþjóðamálastofnun hvetur til þess, að ráðist verði í það verkefni við fyrsta tækifæri og brugðist þannig við augljósri þörf á aukinni fagþekkingu á Íslandi á sviði öryggismála.

Fyrir hönd Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands


Baldur Þórhallsson,
formaður stjórnar


Valur Ingimundarson
varaformaður stjórnar


Brynhildur Ólafsdóttir
forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar